

Reykjavík 14.12.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. desember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Bryggjuhverfi vestur, svæði 4

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2017 sem unnin er af Arkís, Verkís og Landslagi, vegna gerðar deiliskipulags fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Einnig er lögð fram almenn greinagerð og skilmálar fyrir innviði dags. 13. desember 2017 og greinargerð og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 13. desember 2017. Jafnframt eru lögð fram drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að húsakönnun Ártúnshöfða dags. nóvember 2017.

Skýringaruppdr.

Snið

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2017, greinagerð og skilmálar fyrir innviði dags. 13. desember 2017 og greinargerð og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 13. desember 2017 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að húsakönnun Ártúnshöfða dags. nóvember 2017.